

Sölumeðferð eignarhluta í Íslandsbanka hf. með tilboðsfyrirkomulagi

Kynning fyrir ráðherranefnd um
efnahagsmál


1. apríl 2022

Efnisyfirlit

1. Samantekt á sölumeðferð
2. Undirbúningur sölumeðferðar
3. Framkvæmd sölumeðferðar
4. Niðurstaða sölumeðferðar

SAMANTEKT Á SÖLUMEÐFERÐ

Sölumeðferð eignarhluta: Ákvæði laga nr. 155/2012



Sölumeðferð eignarhluta: Tímalína (1)

- Þann 30. nóvember birtir fjármála- og efnahagsráðherra frumvarp til fjárlaga þar sem fram koma markmið um sölu á öllum eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf. („Íslandsbanka“)
- Þann 20. janúar gerir Bankasýsla ríkisins tillögu til ráðherra um frekari sölu á eignarhlutum í ríkisins í bankanum í samræmi við forsendur frumvarps til fjárlaga
- Þann 27. janúar ræður Bankasýsla ríkisins STJ Advisors Group Limited („STJ“) sem fjármálaráðgjafa stofnunarinnar, en STJ gegndi sams konar hlutverki í frumútboði á hlutum í Íslandsbanka, án nokkurrar skuldbindingar nema ef að sölu verði
- Þann 1. febrúar óskar STJ fyrir hönd stofnunarinnar eftir upplýsingum frá sjö söluráðgjöfum úr frumútboði m.a. um áætlaða eftirspurn fjárfesta, ef ráðist yrði í frekari sölu
- Þann 4. febrúar heldur Bankasýsla ríkisins kynningu fyrir ráðherranefnd um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins
- Þann 10. febrúar birtir Íslandsbanki uppgjör sitt fyrir árið 2021 og kynnir það á meira en 50 fundum með innlendum og erlendum fjárfestum í kjölfarið
- Þann 11. febrúar fellst ráðherra á tillögu Bankasýslu ríkisins og birtir greinargerð þar að lútandi og óskar í framhaldinu eftir umsögn Seðlabanka Íslands, efnahags- og viðskiptanefndar og fjárlaganefndar

Sölumeðferð eignarhluta: Tímalína (2)

- Þann 18. febrúar ræður Bankasýsla ríkisins LOGOS slf og White & Case LLC sem lögmenn stofnunarinnar í tengslum við sölumeðferð, með takmörkuðum skuldbindingum nema ef að sölu verði
- Þann 21. febrúar fundar Bankasýsla ríkisins með fjárlaganefnd og þann 24. febrúar og 8. mars með efnahags- og viðskiptanefnd vegna tillögunnar
- Þann 24. febrúar ræðst rússneski herinn inn í Úkraínu. Í kjölfarið óskar Bankasýsla ríkisins eftir uppfærðu mati á eftirspurn, ef af sölu verði í samræmi við tillögu stofnunarinnar
- Þann 4. mars ræður Bankasýsla ríkisins þrjá leiðandi söluráðgjafa vegna mögulegrar sölu, án nokkurrar skuldbindingar nema ef að sölu verði
- Þann 17. mars er aðalfundur Íslandsbanka haldinn. Þar er annars vegar samþykkt endurkaupaáætlun bankans og hins vegar greiðsla á 5,95 kr. í arð á hvern hlut, eða samtals 11,9 ma.kr. og þar af er hlutur íslenska ríkisins 7,7 ma.kr. Arðsréttindadagur er 21. mars og útborgunardagur 28. mars
- Þann 18. mars ákveður ráðherra að hefja framhald sölumeðferðar á hlutum í Íslandsbanka í samræmi við tillögu stofnunarinnar frá 20. janúar og birtir umsagnir Seðlabanka og þingnefnda
- Þann 21. mars er ráðist í markaðsþreifingar á meðal innlendra fjárfesta og daginn eftir í markaðsþreifingar hjá erlendum fjárfestum
- Þann 22. mars ræður Bankasýsla ríkisins til viðbótar fimm aðra söluráðgjafa. Eftir lokun markaða þann dag birtir Bankasýsla ríkisins till kynningu um útboð
- Þann 23. mars birtir Bankasýsla ríkisins niðurstöður útboðsins og flöggun vegna breytingar á eignarhlut
- Þann 28. mars fór fram uppgjör viðskipta vegna útboðsins og arðgreiðslu
- Þann 30. mars gaf ráðherra Alþingi munnlega skýrslu um sölumeðferðina

UNDIRBÚNINGUR SÖLUMEÐFERÐAR

Tillaga Bankasýslu ríkisins

Samantekt

- „Að Bankasýsla ríkisins fái heimild til að selja alla eignarhluti ríkisins í Íslandsbanka hf. í nokkrum áföngum og að höfðu samráði við ráðherra um skiptingu þeirra og tímasetningar. Heimild þessi gildi í tvö ár eða til og með 31. desember 2023.“

Söluaðferðir

- Sala eða útboð með tilboðsfyrirkomulagi (e. accelerated book build)
- Sala með full markaðssettu útboði (e. fully marketed offering)
- Sala með miðlunaráætlun (e. marketing plan)

Ákvörðun ráðherra

- „Á þessum grunni er Bankasýslu ríkisins falið, að höfðu samráði við ráðherra um tímasetningar, skiptingu áfanga og söluaðferðir, að tryggja að útfærslur á útboðs- og úthlutunarskilmálum verði í samræmi við greinargerðina og meginmarkmið eigendastefnu ríkisins fyrir fjármála fyrirtæki, svo sem framast er kostur og, eins og mögulegt er:
 - i. að áfram verði stuðlað að aukinni samkeppni á fjármálamarkaði;
 - ii. að áfram verði horft til þess að viðhalda dreifðu eignarhaldi og fjölbreytileika í eigendahópi Íslandsbanka;
 - iii. að horft verði til þess, við útfærslu og úthlutun í kjölfar tilboðsfyrirkomulags og ef nægjanleg umframeftirspurn verður í slíkum útboðum, að fjárfestar sem horfi til lengri tíma fjárfestinga verði fyrir minni skerðingu en skammtímafjárfestar.
- Samþykkt hefur verið á aðalfundi bankans heimild til endurkaupa á eigin hlutabréfum á allt að 10% af hlutafé, sem gildi fram að aðalfundi bankans 2023. Óskað er eftir því að stofnunin leggi mat á hvernig nýta megi þau áform til að hámarka ábata ríkisins af sölu á sama tíma og jafnræði hluthafa í bankanum sé að fullu virt.“

Hvað er sala eða útboð með tilboðsfyrirkomulagi?

- Sala með tilboðsfyrirkomulagi felur í sér útboð á hlutum í þegar skráðu félagi til hæfra fjárfesta, án útgáfu skráningarlýsingar
- Ef ákvörðun seljanda liggur fyrir að ráðast í útboð með tilboðsfyrirkomulagi er það tilkynnt eftir lokun markaða einn daginn og úthlutun áskrifta lýkur fyrir opnun markaða daginn eftir
- Allir hlutir eru seldi á sama verði, rétt eins og í frumútboði, þannig að þeir fjárfestar sem ekki eru tilbúnir að greiða það verð fá ekki úthlutun

Hvernig er sala eða útboð með tilboðsfyrirkomulagi framkvæmd? (1)

- Þegar ákvörðun liggur fyrir um að kanna áhuga fjárfesta á mögulegri þátttöku í útboði með tilboðsfyrirkomulagi er ráðist í svokallaðar markaðspreifingar (e. market sounding)
- Með markaðspreifingum er átt við formleg samskipti á milli seljanda eða útgefanda (eða ráðgjafa hans) annars vegar og hugsanlegra fjárfesta hins vegar og felur í sér könnun á áhuga viðkomandi fjárfestis á þátttöku í mögulegu útboði t.d. varðandi hugsanlegt útboðsmagn og –verð
 - Ráðlegt þykir að bjóða þeim fjárfestum þátttöku, sem sýnt hafa undirliggjandi félagi áhuga t.d. sem hluthafi félagsins eða reglulegur þátttakandi í kynningarfundum þess
 - Ráðlegt þykir að bjóða takmörkuðum fjölda fjárfesta að taka þátt til að lágmarka líkur á að upplýsingar um útboðsáform „leki“ eða svo margir taki þátt í könnun að viðskipti á markaði með hluti félags minnki verulega
- Þar sem markaðspreifingar fela í sér miðlun innherja upplýsinga er fjárfestunum gert að samþykkja að eiga ekki viðskipti með hluti í félaginu á meðan þreifingarnar eiga sér stað og gæta viðeigandi trúnaðar
- Þegar markaðspreifingum er lokið hefur seljandi eða útgefandi (eða ráðgjafar hans) á grundvelli endursvörunar slíkra fjárfesta fastara land undir fótum um hvort að ráðast eigi í sölu (með tilboðsfyrirkomulagi) eða ekki
- Markaðspreifingar hefjast yfirleitt að morgni og lýkur í lok sama dags eða næsta dags til að takmarka ekki frekar möguleika fjárfesta að eiga viðskipti og að tryggja áframhaldandi seljanleika undirliggjandi hlutabréfa á markaði.

Hvernig er sala eða útboð með tilboðsfyrirkomulagi framkvæmd? (2)

- Ef niðurstaða markaðspreifinga er sú að búast megi við nægri eftirspurn m.v. fyrirætlanir seljanda ákveður hann að ráðast í útboð og tilkynnir um það í lok dags og lýkur útboðinu (þ.m.t. úthlutun áskrifta) fyrir opnun markaða daginn eftir
- Ef niðurstaða markaðspreifinga er aftur á móti sú að ekki sé fyrir hendi viðunandi eftirspurn er ekki ráðist í útboð án þess að tilkynnt sé um þá ákvörðun seljanda sérstaklega
- Eftir tilkynningu seljanda að ráðast í útboð hefja söluráðgjafar strax samband við viðskiptavini, sem viðkomandi fjármálafyrirtæki hefur flokkað sem hæfan fjárfesti, og afla upplýsinga frá þeim um mögulegan áhuga. Slík endursvörun leiðir svo til þess að seljandi birtir upplýsingar um stöðu áskriftarloforða, leiðbeinandi útboðsverð og –magn og lokun áskriftartímabils
- Sala með tilboðsfyrirkomulagi svipar að þessu leyti til frumútboðs

Hvers vegna sala eða útboð með tilboðsfyrirkomulagi?

- Sala með tilboðsfyrirkomulagi lágmarkar áhættu seljanda fyrir sveiflum á markaði og kostnað í samanburði við full markaðssett úboð
 - Í full markaðssettu útboði getur áskriftartímabil varað í marga daga á meðan markaðir eru opnir, svipað og í frumútboði, í stað þess að vara einungis á milli lokunar og opunar markaða eins og í tilboðsfyrirkomulagi
 - Sala með fullsettu markaðsútboði getur verið varasöm á meðan jafn miklar sveiflur eru á mörkuðum eins og undanfarnar vikur
- Tilboðsfyrirkomulag ætti samt sem áður á grundvelli framkvæmdar að geta tryggt seljanda sem hæst verð fyrir seldan hlut, sbr. ákvæði forgangsmeginreglu laga nr. 155/2012 um „markaðsverð“ m.a. á grundvelli fjárfestakannana, markaðspreifinga og áskriftarsöfunar, eins og í frumútboði
- Sala með tilboðsfyrirkomulagi er algengasta söluaðferð eftir frumútboð á hlutabréfum í evrópskum fyrirtækjum
 - Sala hollenska ríkisins á hlut í ABN AMRO Group N.V.
 - Sala Kaupþings ehf. á hlut í Arion banka hf.

Þróun á fjármálamörkuðum

- Í ljósi tillögu Bankasýslu ríkisins, sem m.a. var grundvölluð á forsendum frumvarps til fjárlaga, var nauðsynlegt fyrir stofnunina að fylgjast náið með þróun á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum
- Þar sem tillaga Bankasýslu ríkisins um frekari sölu eignarhluta var opinber gátu áhugasamir ráðgjafar þegar gert könnun á meðal fjárfesta um þátttöku í mögulegu útboði varðandi magn og verð
- Bankasýsla ríkisins bað um slíka könnun á meðan undirbúningi sölumeðferðar stóð, bæði fyrir og eftir innrásina í Úkraínu
- Ef samanburður er gerður á þróun á fjármálamörkuðum annars vegar vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar og hins vegar vegna innrásarinnar í Úkraínu er ljóst að mun minni sveiflur voru á fjármálamörkuðum vegna innrásarinnar
 - Lækkun hlutabréfa banka í Euro Stoxx 600 vísitölunni var mun minni í kjölfar innrásarinnar í Úkraínu, heldur en í kjölfar heimsfaraldursins
 - Að sama skapi var afleitt flökt S&P 500 vísitölunnar (e. VIX index) mun lægra í kjölfar innrásarinnar heldur en í kjölfar faraldursins
 - Í aðdraganda sölunnar fyrr í mánuðinum hafði þróun á þessum mælikvörðum verið jákvæð
- Mun minni sveiflur voru á innlendum mörkuðum, heldur en erlendum mörkuðum, sérstaklega varðandi verðþróun á hlutum í Íslandsbanka

FRAMKVÆMD SÖLUMEDFERÐAR

Framkvæmd sölumeðferðar (1)

- Að morgni mánudagsins 21. mars var ákveðið að hefjast handa við markaðspreifingar, enda lá ákvörðun ráðherra um sölu fyrir föstudaginn 18. mars
- Ákveðið var að hefja markaðspreifingar á meðal hæfra innlendra fjárfesta á mánudeginum á grundvelli tillagna innlenda ráðandi söluráðgjafans
- Á grundvelli endursvörunar þeirra var talið rétt að ráðast í markaðspreifingar á meðal erlendra fjárfesta í samræmi við tillögur alþjóðlega leiðandi söluráðgjafa
- Í kjölfarið voru frekari söluráðgjafar ráðnir og fleiri en í sambærilegum útboðum með tilboðsfyrirkomulagi, vegna áherslu á dreift eignarhald og að afla markaðsverðs fyrir hlutinn
- Á grundvelli endursvörunar þessara innlendu og erlendu fjárfesta ákvað Bankasýsla ríkisins, á grundvelli samskipta við ráðgjafa stofnunarinnar, að tilkynna um útboð með tilboðsfyrirkomulagi eftir lokun markaða á þriðjudeginum 22. mars

Framkvæmd sölumeðferðar (2)

- Eftir lokun markaða þann 22. mars (kl. 16:11) tilkynnti Bankasýsla ríkisins að sett hafi verið af stað sölufæri með tilboðsfyrirkomulagi á þegar útgefnum hlutum í Íslandsbanka til „innlendra og erlendra hæfra fjárfesta“ á að lágmarki 400 milljón hluta, eða 20,0% af hlutafé bankans
- Í kjölfar tilkynningarinnar hefja umsjónarðilar, söluráðgjafar og söluaðilar samband við viðskiptavinum sína til að kanna áhuga á þátttöku og safna áskriftarloforðum
- Í kjölfar þessara samskipta birtir Bankasýsla ríkisins aðra tilkynningu sama dag (kl. 18:34) um það að áskriftir hafi borist fyrir lágmarksfjölda hluta, þ.e. 400 milljónir, sem skilgreind var sem lágmarksstærð sölufærlisins
- Síðar um kvöldið birtir stofnunin svo þriðju tilkynninguna (kl. 21:09) um það að umsjónaraðilarnir hafi ráðlagt að leiðbeinandi lokaverð í útboðinu verði 117 kr. á hvern hlut, í samanburði við 122 kr. lokaverð á hvern hlut fyrr um daginn, og að stærð útboðsins verði 22,5% af hlutafé bankans. Jafnframt segir í tilkynningunni að útboðinu muni ljúka kl. 21:30 um kvöldið
- Eftir að áskriftartímabili lauk gerðu ráðgjafar tillögu um úthlutunann í samræmi við ákvæði viðeigandi laga og reglna og ákvörðunar ráðherra
- Eftir birtingar tilkynningarinnar kl. 21:09 voru svo frekari tilkynningar birtar af hálfu Bankasýsla ríkisins varðandi niðurstöðu útboðs, þar sem fram kom að umframeftirspurn hefði verið og að lokaverð og lokamagn væru hin sömu og komu fram í tilkynningunni frá kl. 21:09, og flöggun stofnunarinnar, þar sem eignarhlutur ríkissjóðs varð lægri en 50,0% eftir söluna

Ráðgjafar Bankasýslu ríkisins vegna sölumeðferðar

- Umsjónaraðilar
 - Citigroup Global Markets Europe AG
 - Fyrirtækjaráðgjöf og verðbréfamiðlun Íslandsbanka
 - J.P. Morgan SE
- Söluráðgjafar
 - HSBC Continental Europe
 - Fossar markaðir hf.
- Söluaðilar
 - ACRO verðbréf hf.
 - Íslensk verðbréf hf.
 - Landsbankinn hf.
- Fjármálaráðgjafi
 - STJ Advisors Group Limited
- Lögfræðilegir ráðgjafar
 - LOGOS slf.
 - White & Case LLP.

Tilkynningar Bankasýslu ríkisins

Kl. 16:11

22. mars

- „Bankasýsla Ríkisins hefur sölufjerli á hlut Ríkissjóðs í Íslandsbanka“

Kl. 18:34

22. mars

- „Áskriftir hafa borist fyrir lágmarksfjölda hluta“

Kl. 21:09

22. mars

- „Leiðbeinandi verð og stærð á útboði“

Kl. 06:17

23. mars

- „Niðurstöður sölufjerlis á hlut ríkissjóðs í Íslandsbanka“

Kl. 09:42

23. mars

- Flöggun Bankasýslu ríkisins eftir sölu

NIÐURSTAÐA SÖLUMEÐFERÐAR

Samantekt: Hlutlægir þættir


- Niðurstaða sölu með tilboðsfyrirkomulagi, sem lauk 22. mars, var að selja 450 milljón hluti, eða 22,5% af hlutafé bankans, á 117 kr. hvern hlut
 - Útboðsgengið var einungis 4,1% lægra en lokaverð sama dag
 - Útboðsmagnið samsvaraði u.þ.b. 300 dögum af meðaltals dagveltu með hluti í Íslandsbanka og jókst eftir því sem leið á söluferlið
- Söluandvirði (brúttó) nam 52,7 ma.kr., sem samsvarar u.þ.b fimmfaldri veltu með hluti í bankanum það sem af var ári (10,1 ma.kr.)
 - Söluandvirði var einungis 2,7 ma.kr. lægra en í frumútboði í júní sl.
 - Söluandvirði var það þriðja hæsta í hlutafjárútboði á Íslandi
- Samkvæmt Bloomberg samsvaraði útboðsgengið hlutafjármargfaldaranum 1,15x, í samanburði við 1,34x hjá Arion banka hf. og 0,68x á hlutabréfum banka í Euro Stoxx 600 vísitölunni þann 22. mars
- Að teknu tilliti til 5,95 kr. arðs nam útboðsgengið 122,95 kr. á hvern hlut og var einungis 4,7% lægra en hæsta verð á hlut frá frumútboði, sem var 129 kr.

Samantekt: Hlutlægir þættir (frh.)


- Að teknu tilliti til samspils framboðs og eftirspurnar var frávik útboðsgengis m.v. lokaverð þann 22. mars lítið, en framboð aftur á móti mikið í samanburði við sambærileg útboð með tilboðsfyrirkomulagi
 - Samkvæmt samantekt STJ samsvaraði salan 304 daga veltu, í samanburði við 39 daga veltu að meðaltali í útboðum með tilboðsfyrirkomulagi í Evrópu á þessu ári og útboðsgengið einungis 4,1% lægra en lokaverð þann dag, í samanburði við 6,4% að meðtali í Evrópu á þessu árinu og 8,7% frá innrásinni í Úkraínu. Sjá <https://www.stjadvors.com/transactions/stj-advises-the-government-of-iceland-on-its-408m-placement-of-shares-in-islandsbanki-hf/>
 - Samkvæmt samantekt söluráðgjafa Bankasýslu ríkisins var frávik frá lokaverði lægra og útboðsmagn hærra heldur en meðaltal ársins 2019, ársins 2020, ársins 2021 og ársins 2022 í sambærilegum útboðum með tilboðsfyrirkomulagi í Evrópu
 - Samkvæmt samantekt stofnunarinnar á sölu með tilboðsfyrirkomulagi í kjölfar frumútboðs hjá fjórum öðrum félögum í Evrópu á undanförunum árum var frávik frá lokaverði einungis lægra í einu tilfalli, en í öllum tilfellum var útboðsmagn tvöfalt til sexfalt
- Með þessu útboði, frumútboðinu og arðstekjum hefur ríkissjóður endurheimt 180,4 ma.kr. af stöðugleikaframlagi Glitnis hf., sem m.a. samanstóð af 95,0% hlut félagsins í Íslandsbanka, en framlagið var bókfært á 184,8 ma.kr. í ríkisreikningi 2016
 - Eftir stendur 37,5% hlutur í bankanum vegna stöðugleikaframlags, sem er nú 95,3 ma.kr. virði
 - Eftir stendur einnig 5,0% upphaflegur hlutur í bankanum, sem er nú 12,7 ma.kr. virði

Samanburðargreining á útboðsverði og -magni

Útboðsverð: Frávik frá lokaverði



Útboðsmagn: Fjöldi viðskiptadaga




Sambærileg útboð með tilboðsfyrirkomulagi

	ABN AMRO Group N.V.	Arion banki hf.	Nova Ljubanska Banka dd	RVRC Holding AB	Íslands- banki hf.
Land	Holland	Ísland	Slóvenía	Svíþjóð	Ísland
Dags. tilkynningar	16.11.2016	2.4.2019	18.6.2019	22.3.2022	22.3.2022
Útboðsverð m.v. lokaverð	-2,4%	-8,1%	-5,9%	-6,1%	-4,1%
<i>Útboðsmagn:</i>					
Hlutfall	6,9%	10,0%	10,0%	5,3%	22,5%
Hlutir (milljónir)	65,0	200,0	2,0	6,0	450,0
Fjárhæð (\$ milljónir)	\$ 1.418,2	\$ 113,9	\$ 122,7	\$ 49,4	\$ 406,8
Fjöldi viðskiptadaga	45,5x	150,8x	145,9x	56,0x	306,0x

Eignarhlutur ríkisins í Íslandsbanka

	Stöðugleikaframlag	Upphaflegs hlutur	Samtals
Lokaverð 29.3.2022	127	127	127
Fjöldi hluta	<u>750.000.007</u>	<u>100.000.000</u>	<u>850.000.007</u>
Samtals	95.250.000.889	12.700.000.000	107.950.000.889

Þróun á endurheimtum stöðugleikaframlags




Samantekt: Huglægir þættir

- Í aðdraganda útboðs var sú hættu fyrir hendi að upplýsingar um áform Bankasýslu ríkisins myndu „leka“ út á markað (áður en ákvörðun þar að lútandi væri tekin eftir að markaðspreifingar hófust að morgni mánudagsins 21. mars) og eyðileggja útboðsáform
 - Af þeim sökum átti sér stað einungis markaðspreifingar á meðal stórra innlendra eftirlitsskyldra aðila
 - Ef markaðspreifingar hefðu náð til fleiri aðila hefði verið aukin hættu á leka auk þess sem seljanleiki hlutabréfa á markaði hefði mögulega raskast ef svo margir og stórir þátttakendur á markaði hefðu samþykkt að eiga ekki viðskipti með hlutabréfin á meðan markaðspreifingar standa yfir
 - Bankasýsla ríkisins hefur aldrei áður reynt að ráðast í útboð með tilboðsfyrirkomulagi
- Í útboðinu tóku þátt fjölbreyttur hópur fagfjárfesta, sem leiddi til enn dreifðara og fjölbreyttra eignarhalds en eftir frumútboð
 - 190 innlendir og 19 erlendir fjárfestar tóku þátt, þar sem hlutur innlendra fjárfesta nam 85,0% af úthlutun en erlendra fjárfesta 15,0%
 - Hlutdeild innlendra lífeyrissjóða að fjárhæð var hæst (37,1%), en hlutur innlendra einkafjárfesta að tölu var hæstur (140), en áskriftir þeirra voru skertar á kostnað almennra fjárfesta í frumútboðinu
- Farsæl niðurstaða fékkst í útboðinu
 - Einungis fjögur útboð með tilboðsfyrirkomulagi að lágmarksstærð 100 milljón evra áttu sér stað í Evrópu frá 8. febrúar, fram að útboði Bankasýslu ríkisins, en fimm fylgdu í kjölfarið á næstu tveimur dögum
 - Í sömu viku og útboðið átti sér stað bárust fréttir um að sprotafyrirtækið Kerecis hf. hefði frestað skráningu
 - Engar upplýsingar um fyrirætlanir Bankasýslu ríkisins „láku út“ fyrir opinbera tilkynningu um útboð
 - Útboðið var þriðja stærsta hlutfjárútboð á Íslandi og það fyrsta sem haldið hefur verið eftir innleiðingu á reglugerð Evrópusambandsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik (e. market abuse regulation) í íslensk lög
 - Verðþróun á hlutum í Íslandsbanka á eftirmarkaði sem og hlutum í öðrum félögum á aðallista kauphallar gaf einnig til kynna að útboðið hefði ekki ofgert markaðnum t.d. m.t.t. til endanlegrar útboðsstærðar

Fjárfestar í útboðinu eftir tegund


Tegund fagfjárfesta	Fjöldi	Fjárhæð (ma.kr.)	Fjárhæð (%)
Lífeyrissjóðir	23	19,5	37,1%
Einkafjárfestar	140	16,1	30,6%
Verðbréfasjóðir	13	5,6	10,6%
Aðrir fjárfestar	<u>14</u>	<u>3,5</u>	<u>6,7%</u>
Innlendir fjárfestar	190	44,8	85,0%
Erlendir gnótt fjárfestar	7	4,4	8,3%
Aðrir erlendir fjárfestar	<u>12</u>	<u>3,5</u>	<u>6,7%</u>
Erlendir fjárfestar	<u>19</u>	<u>7,9</u>	<u>15,0%</u>
Samtals fjárfestar	209	52,7	100,0%

Fjárfestar í útboðinu eftir búsetu




■ Bandaríkin ■ Bretland ■ Ísland ■ Önnur Evrópulönd

Dreifing fjárfesta í útboðinu (1)




Dreifing fjárfesta í útboðinu (2)



Stærstu hluthafar eftir sölu með tilboðsfyrirkomulagi

Hluthafi	Fyrir frumútboð	Eftir frumútboð	Fyrir sölu með tilboðsfyrirkomulagi	Eftir sölu með tilboðsfyrirkomulagi
Ríkissjóður Íslands	100%	65,0%	65,0%	42,5%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	-	1,5%	4,1%	5,5%
Gildi lífeyrissjóður	-	2,3%	3,4%	5,1%
Capital Group	-	3,8%	4,4%	5,1%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	-	2,3%	3,7%	4,6%
Brú lífeyrissjóður	-	0,5%	0,8%	2,0%
Arion banki hf.	-	-	0,1%	1,7%
Stapi lífeyrissjóður	-	0,4%	1,1%	1,6%
Íslandssjóðir hf.	-	0,8%	0,8%	1,6%
Landsbankinn hf.	-	-	-	1,6%

Verðmat á bönkum í Norður Evrópu



Niðurstaða og næstu skref

- Framkvæmd sölumeðferðar var í fullu samræmi við tillögu Bankasýslu ríkisins frá 20. janúar sl., kynningar stofnunarinnar fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd, ákvörðun ráðherra, eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki, og ákvæðum laga nr. 88/2009 og laga nr. 155/2012 og viðteknum venjum á hlutabréfamörkuðum
- Bankasýsla ríkisins lítur á sölumeðferð eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka sem eitt heilstætt ferli, sem framkvæmt er í mörgum skrefum, sbr. forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2022 og tillögu stofnunarinnar
 - Sala með tilboðsfyrirkomulagi er eðlileg í framhaldi af frumútboði á hlutum í Íslandsbanka og skráningar í kjölfarið í júní á síðasta ári
 - Með frumútboðinu náðust t.d. markmið um dreift eignarhald m.a. á grundvelli ákvörðunar ráðherra og áskriftar viðmiða stofnunarinnar, sem einnig var skerpt á með tilboðsfyrirkomulaginu
 - Til að ná markmiðum, sem komu fram í forsendum frumvarps til fjárlaga, getur Bankasýsla ríkisins nú ráðist í frekara útboð með tilboðsfyrirkomulagi, miðlunaráætlun eða markaðssett útboð
 - Eftir að aðalfundur Íslandsbanka samþykkti endurkaupáætlun gæti Bankasýsla ríkisins tekið þátt í því, enda samdi stofnunin sérstaklega um heimild til þátttöku í áætluninni í sölutakmarkana ákvæðum (e. lock up provisions) í samningi við söluráðgjafa (e. secondary block trading agreement), en ríkissjóðir í Evrópu hafa og ætla að taka þátt í slíkum endurkaupum af hálfu banka í þeirra eigu
- Ríkissjóður Íslands hefur aflað trúverðugleika á
- hlutabréfamörkuðum í kjölfar frumútboðsins og sölu með tilboðsfyrirkomulagi
 - Jákvæð þróun á eftirmarkaði, sem m.a. endurspeglast í hækkun hluta í Íslandsbanka, ætti að auðvelda frekari sölu hluta í bankanum á markaði